

# Knattspyrnumótin 2022

## Minnislisti við yfirlestur leikja



Meðfylgjandi í viðhengi er minnislisti sem starfsmenn félaga eru beðnir um aðhafa til hliðsjónar við yfirlestur. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi:

- ✓ **Er réttur fjöldi liða skráður til leiks?**  
Vefur KSÍ: Mót/Þátttaka félags
- ✓ **Eru árekstrar á heimavelli? Komast allir leikirnir fyrir?**  
Vefur KSÍ: Mót/Leikir félaga (hægt að flokka eftir völlum – fjórum völlum í einu )  
Tryggja þarf aðkomu vallarstjóra við yfirlesturs leikja á heimavelli.
- ✓ **Eru árekstrar milli leikja yngri flokka og meistaraflokks á viðkomandi svæði?**  
Vefur KSÍ: Mót/Leikir félaga
- ✓ **Er heiti sameiginlegra félaga rétt skráð?**  
Sameiginleg félög þurfa að ákveða á hvaða völlum viðkomandi félag einstakir leikir fara fram. Nauðsynlegt er að hafa leikvöllina rétt skráða á vef KSÍ til að forðast óþarfa óþægindi.
- ✓ **Ferðatilhögun í útileiki, passa tímasetningar t.d. við flug, siglingu eða akstur?**
- ✓ **Utanferðir félaga.** Er leikið meðan viðkomandi flokkur er erlendis?
- ✓ **Eru árekstrar við staðbundna viðburði t.d. bæjarhátíðir?**
- ✓ **Samsett leit.** Á vef KSÍ undir: - Mót/Leikir félaga- er hægt að kalla fram fjóra mismunandi leitarmöguleika. Gott er að nýta þessa leitarmöguleika t.d. þegar verið er að lesa yfir heimaleiki sem leiknir eru á mismunandi leikvöllum.

### Verkefni landsliða

- ✓ A-landslið karla leikur fjóra leiki í júní; 2/6 Ú, 6/6 H, 10/6 Ú og 13/6 H. Í september eru tveir leikir; 24/9 H og 27/9 Ú.
- ✓ A landslið kvenna hefur keppni á EM þann 10. júlí. Undirbúningsleikir verða leiknir í aðdraganda mótsins. Í september eru svo tveir leikir; 2/9 H og 6/9 Ú.
- ✓ U21 landslið karla leikur þrjá heimaleiki í júní; 3/6, 8/6 og 11/6. Einnig er gert ráð fyrir leikjum í landsleikjahléinu 19. – 27. september.

Mjög mikilvægt er að allar óskir/athugasemdir komi í **einu lagi frá hverju félagi** en ekki frá einstökum þjálfurum því borið hefur á því að þjálfarar einstakra flokka hafa lagt fram óskir um breytingar á leikjum sem stangast á við aðra viðburði hjá viðkomandi félagi. Óskir um breytingar skulu vera skýrar og flokkaðar eftir hverjum aldursflokki fyrir sig.

Athugasemdum ber að skila í síðasta lagi **fimmtudaginn 10. mars á netfangið [birkir@ksi.is](mailto:birkir@ksi.is)**  
Vinsamlegast virðið ofangreindan frest svo að vinna við skipulagningu mótanna teffist ekki.

*Mótanefnd KSÍ*